

Reykjavík, 8. maí 2018

Hvalaskilti við sjávarsíðuna - Umsögn

Hvalasýningin á Granda og Alþjóðadýravelferðarsjóðurinn í samstarfi við Háskóla Íslands og Hvalaskoðunarsamtök Íslands hafa sótt um að setja upp þrjú upplýsingaskilti við sjávarsíðuna í Reykjavík, um þær níu hvalategundir sem helst er að finna í Faxaflóa. Staðsetningarnar sem um ræðir eru tvær á borgarlandi: við Eiðsgranda til móts við Grandaveg og við Sæbraut og ein á landi Faxaflóahafna við Norðurslóð í Örfirisey.



Mynd sem sýnir þær staðsetningar sem komu til greina, staðsetning við Eiðsgranda, sem Reykjavíkurborg hefur samþykkt er merkt með rauðri stjörnu og staðsetning við Norðurslóð með grænni.

Skiltin verða 40 X 200 cm að stærð og er stefnt að því að koma þeim fyrir á fjölförnum gönguleiðum sem vísa í norðvestur og á hvalaskoðunarslóðir. Alþjóðadýravelferðarsjóðurinn og Hvalasýningin á Granda kosta gerð skiltanna að fullu en þess vinsamlegast óskað að Faxaflóahafnir annist jarðvegsvinnu og sjái um að festa skiltin tryggilega. Viðhald verður á ábyrgð Hvalasýningarinnar sem mun fara með eignarhaldið á skiltunum. Stefnt er að því að vígja skiltin formlega í júní í tilefni Dags Hvala sem þá verði haldinn hátíðlegur.




Mynd sem sýnir útlit hvalaskiltanna.

Umhverfis- og skipulagsráð hefur samþykkt að setja upp eitt skilti á Eiðsgranda en neikvætt er tekið í skilti við Sæbraut þar sem ekki er talið æskilegt að skiltum sé ofaukið við sjávarsíðuna eins og kemur fram í umsögn verkefnisstjóra borgarhönnunar. Staðsetningin við Eiðsgranda þykir rökrétt þar sem þar er opið út á Faxaflóann þar sem búsvæði hvalanna er.

Niðurstaða

Lagt er til að hafnarstjórn taki jákvætt í að staðsetja eitt skilti úti við Norðurslóð þar sem hægt verður að fylgjast með siglingu hvalaskoðunarbátanna inn og út út höfninni. Skiltin eru falleg, með mikið fræðslugildi fyrir gangandi vegfarendur á svæðinu.



Fyrirhuguð staðsetning skiltis við Norðurslóð.

Skipulagsfulltrúi Faxaflóahafna